

Ed.

388. Frumvarp til laga

[219. mál]

um bókasafnsfræðinga.

(Lagt fram á 106. löggjafarþingi 1983—84).

1. gr.

Rétt til að kalla sig bókasafnsfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita:

1. þeim, sem lokið hafa B.A. prófi frá Háskóla Íslands með bókasafnsfræði sem aðalgrein (það er a. m. k. 60 einingar skv. núgildandi reglugerð Háskóla Íslands nr. 78/1979, eða 3 stig skv. eldri reglugerð).
2. þeim, sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og a. m. k. 60 einingar í bókasafnsfræði við Háskóla Íslands.
3. þeim, sem lokið hafa hliðstæðu prófi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af yfirvöldum þess lands, þar sem námið er stundað.
4. þeim, sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafnsfræði til viðbótar.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt 3. og 4. lið skal leita umsagnar Félags bókasafnsfræðinga og fastra kennara í bókasafnsfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

3. gr.

Bókasafnsfræðingi ber að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um bókasöfn, sem í gildi eru á hverjum tíma.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. Með mál út af brotum gegn lögnum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er samið í menntamálaráðuneytinu að tilhlutan Félags bókasafnsfræðinga.

Bókasafnsfræði hefur verið kennd við Háskóla Íslands í rúman aldarfjórðung og er fullgild námsbraut innan félagsvísindadeildar skólans. Starfsheitið bókasafnsfræðingur hefur fengið opinbera viðurkenningu, þar sem þess er getið í lögum og reglugerðum sbr. 10. og 12. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og 5. gr. reglugerðar nr. 138/1978 um almenningsbókasöfn.

Með aukinni sérhæfingu í þjóðfélaginu hefur lögverndun starfsheita færst í vöxt. Á undanförunum árum hafa m. a. meinatæknar, viðskipta- og hagfræðingar, þroskaþjálfar og iðnfræðingar fengið starfsheiti sín lögvernduð.

Með því að skilgreina starfsheitið bókasafnsfræðingur í lögum þessum, geta þeir sem leita eftir þjónustu bókasafnsfræðinga verið vissir um, að sá sem hefur leyfi til að kalla sig bókasafnsfræðing uppfyllir ákveðnar kröfur um menntun og hæfni í starfi. Einnig kemur það í veg fyrir hugsanlegan ágreining á milli ráðningaraðila og umsækjenda um störf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vísað er til almennra athugasemda hér að framan.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru talin þau skilyrði, sem uppfylla þarf til þess að veita megi leyfi skv. 1. gr. Skilyrði leyfisveitingar skv. 1. tölulið er að hafa lokið B.A. prófi frá Háskóla Íslands með bókasafnsfræði sem aðalgrein, en það hefur verið hægt frá árinu 1964. Á árunum 1964—1976 var aðalgrein skilgreind sem 3 stig (af 6) skv. þágildandi reglugerð háskólans. Samkvæmt núgildandi reglugerð fyrir H.Í. nr. 78/1979, er aðalgrein til B.A. prófs a. m. k. 60 einingar (af 90).

Í 2. tölulið er átt við þá, sem leggja stund á bókasafnsfræði við Háskóla Íslands og taka a. m. k. 60 einingar í greininni eftir að hafa áður tekið lokapróf frá háskóla í einhverri annarri grein.

Samkvæmt 3. tölulið ber einnig að veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu prófi erlendis. Víða erlendis t. d. á Norðurlöndum er bókasafnsfræði kennd við sérstaka skóla, sem hafa sömu eða svipuð inntökuskilyrði og Háskóli Íslands. Þar sem vafamál getur verið hvaða nám telst vera hliðstætt námi samkvæmt 1. og 2. tölulið, þykir rétt að leita beri umsagnar þeirra tveggja aðila, sem nefndir eru í lokamálsgrein 2. gr. frumvarpsins.

Í 4. tölulið er átt við þá, sem taka fullgild framhaldspróf í bókasafnsfræðum t. d. meistarapróf eða diplomagráðu. Slík framhaldspróf er einungis unnt að taka erlendis og þykir því rétt að leita beri umsagnar áður nefndra aðila.

Um 3.—6. gr.

Parfnast ekki skýringa.